

Hönnun og smíði 1

Markmið með þessari lotu er að:

Nemendur læri: örugga meðferð verkfæra og góða umgengni í smíðastofunni; góða líkamsbeitingu við vinnu; og notkun á borsveif, laufsög og sandpappír.

Námsgögn sem við notum:

Ýmis handverkfæri, svo sem borsveif, laufsög, sandpappír og þjöl. Gegnheill viður, spónaplötur og mdf plötur.

Kennsluhættir í lotunni:

Sýnikennsla, samvinnunám, verkefnavinna.

Námsmat:

Leiðsagnarmat, nemendur fá endurgjöf og leiðsögn meðan unnið er. Mat á eigin verkum.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Hönnun og smíði fyrir 1.-4. bekk - Handverk

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.

Hönnun og smíði fyrir 1.-4. bekk - Umhverfi

- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar